Nr. 5.
24.
maí.

# Bráðabirgðalög

er nema úr gildi

bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898 er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur. Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Þar eð bráðabirgðalög fyrir konungsríkið og hinar dönsku eyjar í Vesturheimi frá 29. apríl 1898, þar sem bannað er dönskum þegnum að hjálpa ríkjum, er í ófriði eiga, eru úr gildi gengin, og þar eð eigi mega ólík ákvæði gilda á þessu lagasviði fyrir ýmsa hluta ríkis Vors, hefur Oss þótt brýn nauðsyn bera til að nema og hin íslenzku lög frá sama tíma og um sama efni úr gildi með nýjum bráðabirgðalögum samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar.

Því bjóðum Vjer og skipum á þessa leið:

Bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum er í ófriði eiga, eru úr gildi numin.

*Gefið á Amalíuborg, 24. mai 1899.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

Nr. 5. Bráðabirgðalög 24. maí er nema úr gildi bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga.

# Foreløbig Lov

Nr. 5.
24de
Maj.

om

## Ophævelse af foreløbig Lov for Island af 29de April 1898, hvorved det forbydes danske Undersaatter at understøtte krigsførende Magter.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: At da foreløbig Lov for Kongeriget og de dansk-vestindiske Øer af 29de April 1898, hvorved det forbydes danske Undersaatter at understøtte krigsførende Magter, er traadt ud af Kraft, have Vi, idet der ikke paa et Omraade som dette bør gælde forskellige Regler for de forskellige Dele af Vort Rige, besluttet i Henhold til Forfatningslovens § 11 ved foreløbig Lov ligeledes at bringe den samtidige islandske Lov af samme Indhold til Ophør.

Thi byde og befale Vi som følger:

Foreløbig Lov for Island af 29de April 1898, hvorved det forbydes danske Undersaatter at støtte krigsførende Magter, ophæves.

Givet paa Amalienborg, den 24de Maj 1899.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*Rump.*

Nr. 5. Foreløbig Lov af 24de Maj om Ophævelse af foreløbig Lov for Island af 29de April 1898, hvorved det forbydes danske Undersaatter at understøtte krigsførende Magter.